

FÉLAG LANDNEMA Á FELLSMÖRK

Fundargerð stjórnarfundar 30. apríl 2014

Staður: Ásakór 15, Reykjavík

Tími: 30. 4. 2014 kl. 20 til kl. 22

Mættir voru:

Formaður Kjartan Kárason

Fyrir Heiðarbraut Sigurlaug Guðmundsd.

Álftagróf Guðrún S. Ólafsdóttir

Hlíðarbraut Einar Ragnar Sigurðsson

Krók Hjalti Elísson

Fjarverandi voru:

Gilbraut Sveinn Baldursson

Hólsbraut: Valdimar Reynisson

Fundargerð

Rætt var um samningana sem ekki fást samþykktir. Engin niðurstaða er í sjónmáli en málinu verður haldið áfram. Beðið er eftir niðurstöðu frá Sigurbjörgu Ólafsdóttur sem er að vinna í því að tala við menn í Fjármálaráðuneytinu, sem er það ráðuneyti sem hefur nú með þennan málaflokk að gera (sjá nánar í síðustu fundargerð).

Framkvæmdir fyrir sumarið eru komnar í gang. Sigurjón í Pétursey er farinn að huga að girðingum sem eru illa farnar eftir veturinn. Einnig þarf að kanna vegaslóða og viðhalda nafnaskiltunum við þá.

Stefnt er að því að hafa plöntudag þann 28.6. '14 og hafa plöntur verið pantaðar.

Aðalfundur verður boðaður 14. maí 2014 í húsakynnum SR við Elliðavatn. Fyrirlesari á fundinum verður Páll Einarsson, prófessor í jarðvísindum við HI.

Ákveðið var að gera fundaráætlun fyrir næsta starfsár, t.d. haustfund og svo annan í febrúar og síðan verður framhald ákveðið.

Félagsgjöld verða óbreytt, 3000.-

Fundi var slitið kl. 22.00